

ZIKA VEIRA

Tilmæli til ljósmæðra og lækna í mæðravernd samkvæmt tilmælum á vef Embættis landlæknis.

- Kanna hvort konur sem koma í mæðravernd hafi **verið á svæðum** (sjá neðar) þar sem Zikaveira smitast með moskítóflugum **á síðustu 9 mánuðum**.
 - Ef kona hefur verið á ferð á slíkum svæðum er mælt til þess að frekari rannsókn fari fram. Rannsókn felst í ómskoðun af fóstri til að skoða höfuð m.t.t. smæðar eða kalkana. Ómskoðun er gerð við fyrsta tækifæri og síðan er þörf á endurtekningu.
- Kanna hvort konan hafi eða hafi **fengið einkenni** um zikaveirusýkingu.
 - Ef kona er með einkenni Zikaveirusýkingar er mælt með blóðsýni fyrir mótefnamælingu og PCR mælingu (sýni sent utan í samráði við veirufræðideild LSH). Ómskoðun af fóstri. Hafa samráð við ráðgefandi fæðingalækni.
 - Ef kona er með sögu um einkenni sem mögulega voru vegna Zikaveiru en er einkennalaus er nægjanlegt að taka blóðsýni fyrir mótefnamælingu (sýni sent til utan í samráði við veirufræðideild LSH). Ómskoðun af fóstri. Hafa samráð við ráðgefandi fæðingalækni
 - Ef niðurstaða staðfestir grun um sýkingu er konunni vísað í áhættumæðravernd til frekari greiningar og eftirfylgni (legvatnsástunga, ómun). Þrátt fyrir að merki finnist um smit er ekkert hægt að segja til um mögulegt smit til barns eða áhrif á heilsu þess.

ÚTBREIÐSLA ZÍKAVEIRU Í HEIMINUM

Í byrjun ágústmánaðar 2016 var vitað um zikaveirusmit með moskítóflugum í alls 65 löndum, samkvæmt upplýsingum frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO), sjá nánar á vefsíðu WHO <http://www.who.int/emergencies/zika-virus/en/>. Þar af var 51 land þar sem smit zíkaveiru með moskítóflugum varð fyrst vart á árinu 2015. Flest smit hafa orðið í Mið og Suður-Ameríku.

Í lok júlí varð í fyrsta sinn vart við smit zíkaveiru með moskítóflugum í Bandaríkjunum, því í byrjun ágústmánaðar höfðu alls 14 manns smitast á afmörkuðu svæði í Miami, Florida. Talið er að rekja megi smitið í Miami aftur til 15. júní á þessu ári.

EINKENNI

Talið er að flestir (80%) þeirra sem smitast af zíkaveiru fái engin einkenni en hjá þeim sem veikjast (20%) eru algengustu einkennin hiti, útbrot, liðverkir og hvarmabólga. Einkennin vara frá nokkrum dögum upp í viku en leiða sjaldan til sjúkráhusvistar. Í mjög sjaldgæfum tilvikum er talið að veiran geti valdið heilkenni bráðrar fjöltaugabólgu (Gullain-Barré syndrome).

NÁNAR UM RANNSÓKNIR Á ZÍKAVEIRU

Rannsóknir sem beinast að því að staðfesta eða útiloka sýkingu af völdum Zíkaveiru. Þessar rannsóknir eru tvenns konar:

- Mótefnaeining í blóði IgM og/eða IgG. IgM mótefni geta orðið greinanleg u.þ.b. 5 dögum eftir byrjun einkenna en túlkun mótefnasvars getur reynst erfið vegna mögulegrar krosssvörunar við aðrar skyldar veirur.
- Greining á erfðaeftni veirunnar (PCR). Þessi mæling er gerð á blóði og/eða þvagi sjúklings. Hægt er að sýna fram á veiruna í blóði í allt að eina viku eftir upphaf veikinda og í allt að 10 daga í þvagi. Einnig er hægt að mæla erfðaeftni í legvatni.

Á þessum tíma (febrúar 2016) er ekki hægt að greina Zíkaveiru á Íslandi og því verður að senda sýni til utan til greiningar. Áður en sýni er tekið til greiningar er mælt með að haft sé samband við vakthafandi sérfræðing á veirufræðideild LSH.

FLÆÐIRIT VEGNA RANNSÓKNA Á BARNSHAFANDI KONUM SEM FERÐAST HAFA TIL SVÆÐA ÞAR SEM SMIT ZÍKAVEIRU BERST MEÐ MOSKÍTÓFLUGUM



Flæðiritið birtist í: Zíkaveiruleiðbeiningar fyrir mæðravernd. Embætti landlæknis, 2016.

MÆÐRAVERND ÞRÓUNARVIÐS HH, SEPTEMBER 2016